

Föstudaginn 1. mars 1985.

Nr. 192/1984. **Hótel Blönduós**

gegn

Hauki Sigurjónssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hótel Blönduós, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. mars 1985.

Nr. 151/1983. **Pétur Jónsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Vegagerð ríkisins

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Innsetningargerð. Eignarnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. ágúst 1983. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og kröfur stefnda um innsetningu hrundið. Hann krefst málskostnaðar í héraði. Einnig krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins 17. febrúar 1984 var áfrýjanda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Frávísunarkrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að áfrýjandi hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni af áfrýjun máls þessa, þar sem innsetning í námu hans hafi farið fram og stefndi hafi þegar lokið öllum þeim afnotum af námunni, sem hann hugðist ná með innsetningargerðinni, og skilað landinu í hendur áfrýjanda. Frávísunarkrafan er í öðru lagi byggð á því, að áfrýjun málsins samrýmist ekki síðari yfirlýsingu áfrýjanda í tilefni af úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta um, að hann hugðist höfða mál til heimtu hærri bóta en matsnefndin kvað á um í úrskurði sínum.

Af gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að með stefnu, útgefinni 30. september 1984, höfðaði áfrýjandi mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til heimtu „skaðabóta eða eignarnámsbóta“ fyrir töku efnis úr námu áfrýjanda, sem um er fjallað í máli þessu.

Áfrýjanda var rétt að fá úr því skorið fyrir fógætarétti, hvort lagaheimild væri til eignarnámsins og hvort farið hefði verið að lögum við framkvæmd þess. Úrskurður fógæta um þessi efni sætir áfrýjun til Hæstaréttar, og þykir áfrýjandi, eins og á stendur, eiga lögvarða hagsmuni af því, að um málið sé fjallað að efni til, þótt eignarnámi sé nú lokið. Verður frávísunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 1. málsg. 14. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms skal eignarnemi setja tryggingu fyrir bótum í þeim tilvikum, sem 14. gr. á við, ef krafa kemur fram um það af hálfu eignarnámsþola. Í úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta frá 10. maí 1983 segir, að í munnlegum málflutningi fyrir nefndinni hafi lögmaður eignarnámsþola eigi farið fram á, „að trygging yrði formlega innt af hendi heldur eingöngu, að ákveðin tryggingarupphæð yrði tiltekin í úrskurðinum.“ Eigi hefur verið véfengt, að þarna sé rétt með farið. Samkvæmt því lá ekki fyrir krafa um það af hálfu eignarnámsþola, að eignarnemi setti tryggingu fyrir væntanlegum eignarnámsbótum í skilningi umrædds ákvæðis 14. gr. laga nr. 11/1973. Er nefnd ákvörðun matsnefndar eignarnámsbóta eða eignar-

námið í heild því eigi ógilt vegna þess, að matsnefnd hafi ekki í úrskurði sínum ákveðið tryggingu fyrir bótum eða tiltekið bótafjárhæð.

Skýra ber ákvæði X. kafla vegalaga nr. 6/1977 svo, að Vegagerð ríkisins taki ákvörðun um eignarnám. Liggur ekki fyrir, að ákvörðunin um eignarnámið hafi verið tekin af starfsmanni, sem ekki var til þess bær. Eigi verður heldur talið fram komið í máli þessu, að undirbúningi og framkvæmd eignarnámsins hafi að öðru leyti verið svo áfátt, að varða eigi ógildi þess. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Í úrskurðarorði hins áfrýjaða úrskurðar er ekki berum orðum tekið fram, að stefndi skuli settur inn í umráð námasvæðis þess, er hann krafðist réttinda yfir, en aðeins kveðið svo á, að læsing á hliði skuli tekin brott. Þar sem greinilega kemur fram í forsendum úrskurðarins, að umráðakrafa stefnda sé tekin til greina, þykja ekki efni til að ómerkja hann af þessum sökum.

Eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Pétur Jónssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.

Úrskurður fógetaréttar Suður-Múlasýslu 10. júní 1983.

I.

Gerðarbeiðandi er Vegagerð ríkisins, nnr. 9161-9369, Borgartúni 7, Reykjavík.

Gerðarþoli er Pétur Jónsson, nnr. 7100-1288, Egilsstöðum II, Suður-Múlasýslu.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að umbeðin innsetningargerð nái fram að ganga á hans ábyrgð og læsing á hliði að námu norðan Þórsness í

landi Egilsstaða II verði fjarlægð af fógeta og gerðarbeiðandi verði settur inn í umráð þeirra 20.000 ferm lands námusvæðisins, sem matsnefnd eignarnámsbóta heimilaði honum umráðatöku á með úrskurði sínum 10. maí 1983 ásamt umferðarrétti um námusvæðið á Þórsnesi, til töku jarðefnis allt að 12.000 rúmm á því svæði, efnisvinnslu, geymslu og brottflutnings efnis af ofangreindu landsvæði. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Gerðarþoli krefst þess, að hin umbeðna gerð nái ekki fram að ganga og gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í. og framlögðum reikningi.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu án árangurs.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 6. júní sl.

II.

Málavextir eru þeir, að haustið 1982 og sumarið 1983 fyrirhugaði gerðarbeiðandi máls þessa lagningu slitlags á Austurlandsveg á Völlum sunnan Egilsstaða. Viðræður fóru fram milli aðilja um efnistöku úr námusvæði í Þórsnesi í landi Egilsstaða II, Suður-Múlasýslu. Þinglýstur eigandi jarðarinnar er Pétur Jónsson. Þar sem ekki náðist samkomulag um greiðslur fyrir efni, óskaði gerðarbeiðandi eftir því við matsnefnd eignarnámsbóta, sem starfar samkvæmt lögum nr. 11, 1973, að hún ákvæði bætur vegna efnistökuunnar, og jafnframt að gerðarbeiðanda yrði heimilað með stoð í 14. gr. l. 11, 1973 að taka jarðefni af nefndu svæði. Síðar jók gerðarbeiðandi við matsbeiðni sína og krafðist óskertra afnota og umráða tilgreinds hluta lands á námusvæðinu ásamt umferðarrétti af því svæði.

Við meðferð máls fyrir matsnefnd eignarnámsbóta sömdu aðiljar svo um málsmeðferð, að fyrst yrði úrskurðað um kröfu gerðarbeiðanda samkvæmt 14. gr. l. 11, 1973.

Með úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta 10. maí 1983, dskj. 2, var gerðarbeiðanda heimilað að taka nú þegar umráð þeirra 20.000 ferm, sem sýndir eru á dskj. 3, svo og að taka jarðefni allt að 12.000 rúmm á því svæði og vinna það efnismagn á svæðinu og geyma það þar, meðan á framkvæmdum stendur og brottflutningi þess. Er gerðarbeiðanda heimilaður umferðarréttur um námusvæðið til fullnægingar þessum framkvæmdum.

Með símskeyti, dags. 25. maí sl., óskaði umboðsmaður gerðarbeiðanda eftir með vísan til úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta frá 10. maí sl. og 13. gr. l. 11, 1973, að læsing á hliði að nefndri námu í Þórsnesi yrði tekin þaðan með fógetagerð. Sama dag barst fógeta greindur úrskurður. Við fyrir töku málsins í fógetarétti 30. maí sl. mótmælti umboðsmaður gerðarþola framgangi gerðarinnar og óskaði jafnframt eftir fresti til framlagningar greinargerðar. Ekki náðist samkomulag um frest þennan, og óskuðu aðiljar

úrskurðar fógeta um það atriði. Með úrskurði fógeta 31. maí sl. var fyrirtaka málsins næst ákveðin 6. júní.

III.

Gerðarbeiðandi reisir kröfu sína alfarið á því, að úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta skv 14. gr. l. 11, 1973 heimili umráðatöku, en skv. 13. gr. s.l. geti eignarnemi, sem fengið hafi heimild matsnefndar til umráðatöku áður en bótaákvörðun hefur farið fram, leitað atbeina fógeta til að fá veitt umráð verðmætis. Af hálfu gerðarþola er framgangi gerðarinnar mótmælt. Gerðarþoli styður kröfu sína þeim rökum, að gerðarbeiðni á dskj. 1 sé ófullnægjandi. Um sé að ræða símskeyti, sem jafngildi fremur munnlegri yfirlýsingu en skriflegri, en skv. 3. gr. l. 19, 1887, sem hér eigi við, skuli beiðni vera skrifleg. Jafnframt skuli hafa hliðsjón af 88. gr. l. 85, 1936. Í gerðarbeiðni sé gerðarþoli ekki tilgreindur. Þá sé ekki tilgreint, hversu lengi afnot gerðarbeiðanda af greindri landspildu skuli vera. Í úrskurði matsnefndarinnar er gerðarbeiðanda veitt heimild til töku allt að 12.000 rúmm efnis af landspildunni. Í gerðarbeiðni sé ekki farið fram á innsetningu í umrætt efni. Fógetarétturinn geti því ekki heimilað gerðarbeiðanda töku þess.

Þá styður gerðarþoli kröfu sína þeim rökum, að ekki hafi verið gætt formlegrar ákvörðunar um eignarnám. Gerðarþola hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um meint eignarnám fyrr en að mati kom né gefinn kostur á málskoti til æðra stjórnvalds. Beiðni um mat sé látin jafngilda ákvörðun um eignarnám. Sú ákvörðun hafi ekki verið tekin af þar til bæru stjórnvaldi. Þá telur gerðarþoli málaltilbúnað gerðarbeiðanda fyrir matsnefndinni ekki fullnægja settum lögum.

Enn styður gerðarþoli kröfu sína um, að synjað verði um framgang gerðarinnar, þeim rökum, að samkvæmt úrskurði matsnefndarinnar hafi kröfu sinni um tryggingu fyrir væntanlegum bótum, sbr. 14. gr. l. 11, 1973, verði hafnað og vísað til venju í úrskurðum nefndarinnar allt frá árinu 1973. Venja matsnefndar gangi þvert á ákvæði 13. gr. og 14. gr. l. 11, 1973. Hér af leiði, að heimild gerðarbeiðanda sé langt frá því að vera skýr og beri fógetarétti því að synja um hina umbeðnu gerð.

IV.

Gerðarbeiðni gerðarbeiðanda í máli þessu er ekki svo vönduð sem æskilegt væri. Með framlögðum gögnum, dskj. 2, sem fógeta barst sama dag, verður þó að telja, að nægilega skýrt komi fram, hvers krafist er. Þykir því mega fallast á það með gerðarbeiðanda, að í gerðarbeiðni hans sé fólgin krafa um að fá að nema brott efnismagn það, sem tiltekið er í úrskurði matsnefndarinnar. Óumdeilt er, að gerðarbeiðandi leitaði til bærs aðilja, er hann sneri sér

til matsnefndar eignarnámsbóta, eftir að sýnt var, að ekki tókst samkomulag með aðiljum um greiðslu fyrir malarnámið og ákveðið var að beita eignarnámsheimild vegalaga. Það heyrir ekki undir fógeta að taka afstöðu til ágreinings um eignarnámsheimild máls þessa, þar sem leita á úrlausnar matsnefndar eignarnámsbóta og almennra dómstóla, sbr. 17. gr. l. 11, 1973, þar um. Með vísan til 14. gr. l. 11, 1973 getur matsnefnd eignarnámsbóta heimilað eignarnema að taka umráð verðmætis og ráðast í þær framkvæmdir, sem eru tilefni eignarnámsins, þótt mati sé ekki lokið. Um þetta snerist úrskurður matsnefndarinnar frá 10. maí sl. Samkvæmt nefndu ákvæði skal eignarnemi setja tryggingu fyrir væntanlegum bótum, ef krafa kemur fram um það, og ákveður matsnefndin trygginguna. Getur eignarnemi síðan leitað aðstoðar fógeta til þess að fá umráð verðmætis þess sem málið snýst um, sbr. 13. gr. laganna. Gerðarþoli krafðist tryggingar fyrir væntanlegum bótum, og fjallaði matsnefndin um kröfuna í úrskurði sínum. Synjaði matsnefndin kröfu gerðarþola með þeim rökum, að gerðarbeiðandi framkvæmdi verkið samkvæmt vegalögum á ábyrgð ríkissjóðs og því ekki ástæða til þess að úrskurða ákveðna tryggingu fyrir væntanlegum fébótum og sé það í samræmi við þá reglu sem matsnefndin hafi beitt síðan 1973.

Þótt fógeti teldi niðurstöðu þessa ranga, er hún ekki byggð á ólögmætum sjónarmiðum, og verður úrskurður matsnefndarinnar því ekki talinn ógildur af þessari ástæðu. Að öðru leyti þykir matsnefndin hafa fylgt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11, 1973 við úrlausn ágreiningsefnis aðilja.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 13. gr. l. 11, 1973 þykir eigi verða hjá því komist að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina og nema á brott umrædda læsingu með fógetagerð og veita gerðarbeiðanda umráð þeirra 20.000 ferm lands námusvæðisins sem matsnefnd eignarnámsbóta heimilaði í greindum úrskurði, töku jarðefnis allt að 12.000 rúmm, efnisvinnslu, geymslu og brottflutning efnis á ofangreindu svæði. Gerðarbeiðanda er heimill umferðaréttur um námusvæðið til fullnægingar þessum framkvæmdum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Inger L. Jónsdóttir, fulltrúi fógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Læsing sú, sem gerðarþoli hefur sett á hlið að námu við Þórsnes innan við Egilsstaði, skal tekin burt með fógetagerð að kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.